

Sp.

517. Þingsályktun

[39. mál]

um byggingu þurrkvíar.

(Afgreidd frá Sp. 19. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því, hvar á landinu sé hentugast og ódýrast að koma upp þurrkví til hreinsunar og viðgerðar á skipum, og láta gera að lokinni þeirri athugun kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar þar, sem hagkvæmast þykir. Þurrkvíin taki allt að 18 þús. smálesta skip. Jafnframt sé athugað, hvert kostnaðarverð yrði, ef kvíin yrði aðeins gerð fyrir 6 þús. smálesta skip. Skal áætluninni lokið svo fljótt sem verða má og eigi síðar en fyrir 1. okt. n. k.

Kostnaður við athuginina og kostnaðaráætlunina greiðist úr ríkissjóði.